

## Fálkasetur Íslands

4. fundur stjórnar 16. desember 2011 kl. 18 að Borgum, Háskólanum á Akureyri.

Mættir: Aðalsteinn, Sverrir, Hjörleifur, Halldór, Ari Páll, Guðlaugur.

Hjörleifur formaður setti fund, eftirfarandi málefni voru rædd:

KEA veitti félaginu styrk til að kaupa fjarsjá kr. 150.000 og var Aðalsteini falið að annast kaupin og leggja fyrir stjórn drög að vinnureglum um notkun sjárinnar.

Fálkasetrið fékk kr. 1.400.000 í styrk frá Vinum Vatnajökuls – hollvinasamtökum Vatnajökuls, til að koma upp vefsíðu. Farið var yfir umsóknina og ný áætlun sniðin að styrkfjárhæðinni. Endurskoðaðir voru einstaka liðir og kostnaðargreindir. Stjórnin var sammála um að ganga til samninga við fyrirtækið Blokkina um vefhönnun og Náttúrustofu Norðausturlands um söfnun efnis, textagerð og innsetningu. Ara Páli og Hjörleifi falið að ganga til samninga við þessa aðila innan fyrirbyggjandi kostnaðarramma. Stjórnarmenn samþykktu að skipa ritstjórn úr sínum röðum sem verður Náttúrustofunni og Blokkinni til samráðs um endanlegan frágang og efnistöð vefsíðunnar. Ritstjórn skipa Hjörleifur, Sverrir og Halldór og stefnt að fundi hennar í janúar 2012. Hjörleifur mun ganga frá samningi við Vini Vatnajökuls um ráðstöfun styrksins.

Hjörleifi falið að sækja um styrk til Nýsköpunarmiðstöðvar fyrir 10. janúar 2012 ef það er fýsilegur kostur.

Aðalfund á að halda fyrir lok marsmánaðar og ákveðið að senda stutt fréttabréf til félaga í febrúar eða mars. Stefnt að næsta stjórnarfundi 10. febrúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halldór Valdimarsson ritari

